

Stjórnarfundur FASK

11 fundur. 29. Apríl 2021 kl 10:00

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Bergþóra Ágústsdóttir, Ágúst Elvarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir, Laufey Guðmundsdóttir.

1. Vakinn og annar valkostur - Sambærilegur úttektaraðili

Laufey gerði grein fyrir því að verið væri að bíða svara frá sænskum aðila. Haukur gerði grein fyrir að fundur með Vakanum, SVH, RV og VJP yrði haldinn á eftir 29. Apríl og þá yrði hægt að fá nánari upplýsingar um málefni Vakans og senda minnisblað á fundarmenn að fundi loknum.

Ágúst lagði til að gerð verði einföld könnun meðal félagsmanna FASK, um skoðun þeirra á Vakanum, hvað þeim finnst gott við hann og hvað má bæta. Formanni falið að ræða við Vakann um aðkomu hans að slíkri könnun. Samþykkt að kynna málið á næsta félagsfundi.

2. Úthlutunarreglur fyrir atvinnuleyfi innan VJP

Umræður sköpuðust um úthlutunarreglur. Rætt var um að boða til félagsfundar fljótlega og kalla eftir sjónarmiðum um úthlutunarreglum, þar sem áhersla verði lögð á sjálfbærni og 4. Lið laga um Vatnajökulspjóðgarð, um styrkingu byggðar.

3. Áherynarfulltrúi VJP - Minnisblað og verklag

Haukur kynnti aðdraganda að því að Ágúst hafi verið skipaður í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs, fór hann yfir ferlið og hvernig verklagi verður háttað. Samþykkt að kynna málið á Facebook síðu félagsins, þar sem félagsmenn geta komið sjónarmiðum til fulltrúans fyrir fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Hauki og Ágústi falið að fylgja málinu eftir og kynna nánar á næsta félagsfundi.

4. Upplýsingamiðstöð - Fundur með Ferðamálastofu 29. Apríl

Haukur upplýsti um fund sem haldinn verður með Ferðamálastofu um málefni Upplýsingamiðstöðva í dag, 29. Apríl. Fram komu sjónarmið um að nú þegar útlit er fyrir að ferðamenn fari að koma aftur til landsins, verði mikilvægt að taka vel á móti þeim og gefa þeim upplýsingar um hvað hægt er að gera á svæðinu. FASK hvetur þá sem fara með málefni ferðamála á Íslandi að tryggja fjármagn til reksturs upplýsingamiðstöðva. Formanni falið að senda bókun á aðila sem málið varðar.

5. Vörumerkjaþróun fyrir heimaaðila

Haukur gerði grein fyrir 100.000.- kr styrk sem SVH veitti til verkefnisins. Samþykkt að óska eftir fundi með RV um hvernig best er að halda áfram með málið. Formanni falið að ræða við RV og skipuleggja fund.

6. Námskeið

Haukur gerði grein fyrir því að SVH veitti styrk að upphæð 100.000.- til námskeiðshalds. Rætt var um að reyna halda námskeið á vegum FASK í haust. Gjaldkera falið að kanna hvort FASK geti haldið námskeið haustið 2021.

7. Erindi frá Einari Kristjánssyni - Fundur vegna íshella

FASK þakkar Einari fyrir erindið. Samþykkt að boða til félagsfundar í lok maí, þar sem m.a erindi Einars kemur fyrir um málefni íshella, úthlutunarreglna vegna atvinnuleyfa, Vakann og verklag áheyrnarfulltrúa FASK í Stjórn VJP

8. Fundaráætlun stjórnar

Fundaráætlun lögð fram, lagt til að funda ekki í júlí og ágúst. Samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Hauki falið að ræða við Magnús um hvernig málefni vinnu VJP við atvinnustefnu og úthlutun leyfa til fyrirtækja standi.

Málefni Matarsmiðjunnar rædd. FASK hvetur SVH til að tryggja starfsemi Matarsmiðjunnar, þar sem hún tryggir nýsköpun og starfshæfni við vinnslu og sölu matvæla ásamt því að tryggja aðgengi smáframleiðenda að húsnæði til að vinna og þróa matvörur. Formanni falið að senda bókun á SVH.

Haukur gerði grein fyrir fundi hjá Svæðisráði VJP.

FASK fagnar því að verkefnið ógleymanleg mynd sé komin í vinnsluferli hjá SVH og hvetur félagsmenn FASK til að skila inn tillögum í verkefni. Umsóknarfrestur rennur út 16. maí n.k .

Fundi slitið: 12:20